

HAFNARFJARÐARBÆR

Leikskólar

Viðhald fasteigna
Ársskýrsla 2018

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
Arnarberg	6
Álfaberg	8
Álfasteinn	10
Bjarkarvellir	13
Garðavellir (Hjalli)	15
Hamravellir	17
Hlíðarberg	19
Hlíðarendi	22
Hraunvallaleikskóli	24
Hvammur	25
Norðurberg	27
Smáralundur	29
Stekkjars	31
Tjarnarás	33
Vesturkot	35
Víðivellir	37

INNGANGUR

Skýrslan var unnin haustið 2018 og er samantekt (stöðumat) yfir viðhaldspörf fyrir leikskólamannvirki Hafnarfjarðarbæjar. Ekki er í stöðumatinu reiknað með verðlags- eða vísitölubreytingum fyrir komandi ár, sem og er ekki gert ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði vegna aukinna skemmda á eignum sem verður til vegna frekari frestunar á viðhaldi.

Gert er ráð fyrir að skýrslan veiti innsýn í viðhaldspörf sveitarfélagssins og verður þannig innlegg til fjárhagsáætlunargerðar fyrir bæinn.

Í fjárhagsáætlun 2018 var áætlað í viðhaldskostnað um 439 milljónir. Af þessum fjármunum eru áætlaðar um 67 milljónir til viðhalds leikskólamannvirkja (ca. 15,3% alls fjármagns).

Megin áhersla varðandi viðhaldsverkefni sem unnið er að á árinu 2018, hefur legið í verkefnum tengdum lekavandamálum og fyrirbyggjandi viðhaldsverkefnum (þ.e. að hindra að frekari skaði verði á eignum). Skortur á fjármagni til viðhalds í gegnum árin, hefur haft í för með sér að ástand margra eigna er ekki gott. Ef ekki er hugað að fyrirbyggjandi viðhaldi sem og ráðist stax í viðgerðir á t.d. lekum verður kostnaður við einstakar framkvæmdir oft margfalt dýrari en þörf er á. Meðal annars vegna þessa, þarf að taka kostnaðarmat framkvæmda með ákveðnum fyrirvara og gera ráð fyrir að kostnaðurinn getur verið umtalsvert hærri.

Í skýrslunni eru upptalin brýnustu viðhaldsverkefni fyrir hverja eign. Í viðauka (í Excel skjal) sést enn fremur upptalning fyrirbyggjandi verkefna ásamt heildar kostnaðarmati. Upptalning verkefna er ekki tæmandi og mikil óvissa er í kostnaðarmati viðhaldsverkefna, því ófyrirséður kostnaður fylgir viðhaldsframkvæmdum sem ekki hefur fengist fjármagn í.

Gróft viðhaldsmat (þörfin) fyrir leikskóla, næstu 3 ár, er áætlaður um **199 milljónir**. (Sjá töflu hér að neðan, sem sýnir sundurgreiningu á árlegri fjárþörf fyrir mannvirkin).

Viðhaldsskipting næstu 3 ár			
	2019	2020	2021
Arnarberg	7.000.000	5.000.000	4.900.000
Álfaberg	5.000.000	4.000.000	3.000.000
Álfasteinn	4.400.000	3.100.000	3.100.000
Bjarkarvellir	2.500.000	2.500.000	2.200.000
Garðavellir (Hjalli)	4.400.000	4.000.000	4.000.000
Hamravellir	2.300.000	3.800.000	2.200.000
Hlíðarberg	9.400.000	4.100.000	3.100.000
Hlíðarendi	2.500.000	2.100.000	2.100.000
Hraunvallaleikskóli	2.200.000	5.400.000	5.400.000
Hvammur	4.700.000	8.800.000	8.900.000
Norðurberg	2.500.000	3.500.000	3.200.000
Smáralundur	4.900.000	2.500.000	2.500.000
Stekkjarás	3.900.000	6.600.000	6.500.000
Tjarnarás	400.000	400.000	400.000
Vesturkot	4.100.000	4.400.000	3.300.000
Víðivellir	6.700.000	8.700.000	8.600.000
Samtals	66.900.000	68.900.000	63.400.000

Taflan sýnir samtölu úr skýrslunni varðandi viðhaldspörf næstu 3 árin.

Fyrirséð viðhaldspörf á leikskólamannvirkjum bæjarins er mikil eða alls 199 milljónir næstu 3 árin. Ástæðan fyrir fjárförfinni má fyrst og fremst rekja til skorts á fjármagni sem varið hefur verið í viðhaldsframkvæmdir síðasta áratuginn. Búast má við að kostnaðurinn verði enn hærri ef ekkert verður að gert.

Ef raunþörf í viðhaldi allra eigna bæjarins er skoðuð í sögulegu samhengi (*sjá skýrsla viðhald fasteigna 2017*) má sjá að uppsöfnuð viðhaldspörf frá 2009 er nálægt 2 milljörðum króna fyrir allar eignir bæjarins. Í þeim tölunum er ekki tekið tillit til nýrra eigna s.s.

2014 bættist við Kaplakriki (fasteignamat viðbót ca. 2.000 milljónir)

2016 bættist við Leikskólinn Bjarkarvellir (fasteignamat viðbót ca. 650 milljónir)

2017 bættist við St. Jósepsspítalinn

2017 bættist við Suðurgata 14 (Skattstofan)

Í skýrslunni er ákveðið er að vinna út frá þeim forsendum að það fáiist um 438 milljónir króna í viðhaldsfé á árinu 2018 fyrir allar eignir bæjarins. Taflan hér að neðan sýnir áætlaða skiptingu þess fjármagns í eignahluta.

Áætlað fjármagn 2018	% skipting	438.800.000
Skólar	38,3%	168.100.000
Leikskólar	15,3%	67.100.000
Sundlaugar/Íþróttahús	24,0%	105.300.000
Annað húsnæði	16,3%	71.500.000
Ófyrirséð	6,1%	26.800.000

Samkvæmt töflunni sést að lögð verður aukin áhersla á viðhald leikskóla á árinu 2019.

Í leikskóla er áætlað að verja um 15 % af fjármagninu alls um 67 milljónum í viðhaldsmál.

Í skýrslunni eru fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir árið 2019 unnar út frá gefnum forsendum. Í skýrslunni eru fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu 2019 merktar með rauðu lettri.

Arnarberg



Heildarviðhaldskostnaður	14,7 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12003
Heimilisfang	Haukakraun 2
Byggingarár	2003
Flatarmál	650 m ²
Fasteignamat	141.800.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Á heildina litið er ástand húsnæðisins gott. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **11 milljónir** króna. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1,2 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **13,7 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála vegg, glugga og gluggakistur.
- Yfirfara loftræstingu frá kælum, í rýminu verður of mikill hiti með auknu álagi á kælina.
- Þarf að athuga hvað orsakar leka með lofti inn í fataklefa, sennilega lekur með lögnum.
- Endurnýja eldhúsinnréttingu.
- Setja dúk á vegg
- Laga læsingu á útihurðir
- Yfirfara þarf ofna
- Viðhald á loftræstisamstæðu.

Utanhúss:

- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
4.800.000	5.000.000	4.900.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 var varið um 1,1 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Sorptunnuskýli málað
- Málun innandyra.
- Rafmagnsmál. Lagaðar athugasemdir vegna úttektar Mannvirkjastofnunar
- Trjágróður klipptur
- Sandur í sandkassa

Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 3,7 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:

Mynd. Laga þarf loftræstisamstæðuna sem slær alltaf út.

Álfaberg



Heildarviðhaldskostnaður	12 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12001
Heimilisfang	Breiðvangur 42
Byggingarár	1979
Flatarmál	850 m ²
Fasteignamat	156.620.018
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins utanhúss er í þokkalegu standi. Innanhúss er kominn tími almennt viðhald. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **8,1 milljónir** króna. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1,3 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **12,4 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss

- Endurmála veggi, glugga og gluggakistur.
- Skipta um útsogsblásara.
- Skipta um glugga á S-austurgafli.
- Laga leka í gangi
- Laga suður á gólfdukk
- Skoða möguleika með að loka inn á gang í fataklefa.

Utanhúss

- Endurmála steypa fleti.
- Bera á timburverk utandyra
- Hjólaskýli við girðingu norðanmegin
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.
- Leiksvæði yngstu barna

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
5.000.000	4.000.000	3.000.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 er varið um 3,4 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Hljóðvist.



- Málun innandyra.
- Gólfefni (mottur á gólf)
- Skipt um 5 glugga á SA hlið
- Trjágróður klipptur
- Sandur í sandkassa
- Lagaður leki á vegg á norðurhlið
- Lagaður leki á vegg í skrifstofu leikskólastjóra
- Löguð klæðning utan á útvegg

Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 5,5 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Mála útvegg eftir sprunguviðgerðir. Bera á timburverk.



Mynd. Finna ástæðu fyrir leka og fyrirbyggja leka í gangi. Yfirfara og laga suður á gólfdukk.



Mynd. Laga lóð yngstu barna, skjólvegg/hjólageymslu við girðingu. Laga sandkassa mm. Skipta um nokkra glugga á S-austurgafli.

Álfasteinn



Heildarviðhaldskostnaður	10,6 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12015
Heimilisfang	Háholt 17
Byggingaár	
Flatarmál	700 m ²
Fasteignamat	178.250.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Á heildina litið er ástand húsnæðisins sæmilegt, töluverður kostnaður fer í að laga skemmdir vegna hönnunargalla. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **6,1 milljónir** króna. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1,5 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **10,6 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála vegg.
- Halda áfram að endurnýja gólfduka.
- Setja dúk á vegg
- Laga hljóðvistarplötur
- Í þvottahúsi eru ummerki um raka í útvegg, greina þarf vandamálið.

Utanhúss:

- Finna þarf lausn á regnvatnsrennu sem á að skila regnvatni frá þaki niður í brunn á lóð. Í fyrsta lagi annar rennan ekki regnvatni frá þaki og í öðru lagi er óhentugt að tjörn myndist á lóð fyrir leikskólabörn.
- Færa fánastöng
- Pollur á lóð
- Lagfæra steinklæðingu á geymslu, austanmegin, sem er farin að hrynja af. Sú geymsla er einnig lek en ein lausnin er að setja rennu meðfram vegg og niður í drekaðan jarðveg.
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2018	2019	2020
4.400.000	3.100.000	3.100.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 er varið um 7,6 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Í sal var flot endurnýjað og nýr gólfdukur lagður. Salur var málaður.
- Gangur var málaður
- Viðgerð var gerð á loftræstikerfi
- Skipt um brotnar flísar á húsi
- Tréklæðning var sett í stað brotinnar flísa
- Almenn viðhald á eigninni.
- Viðgerð á læsingum á hliðum.
- Skipt um brotna rúðu
- Leiksvæði fyrir ungabörn sett upp fyrir framan skóla með leiktækjum.
- Rennur voru lagaðar.
- Brugðist við kröfum Slökkviliðs, m.a. varðandi fellitjöld inn í eldhús

Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 4,4 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Laga þarf smáleka á veggnum. Mála girðingu/hlið



Mynd. Ýmsar smáviðgerðir innandyra s.s. brotið upp úr veggjum, laga gólfefni



Mynd. Pússa þarf upp fatahólf, bekki og skipta úr brotnum hljóðvistarplötum.



Mynd. Geymsla undir palli austanmegin er lek. Steinklæðning á geymslunni er hrúin af að hluta.



Mynd. Leikfangageymsla undir timburpalli er lek. Að hafa timburgólf sem þak yfir geymslu sem á að vera þurr, er ekki skynsamlegt.



Mynd. Regnvatnsrenna annar ekki vatnsmagni frá þaki. Vatn sem skilar sér niður rennuna safnast fyrir á lóðinni og þar myndast tjörn sem er hættuleg fyrir börnin.

Bjarkarvellir



Heildarviðhaldskostnaður	7,2 m.kr.
Bókhaldsnúmer	
Heimilisfang	Bjarkarvellir 2
Byggingarár	2017
Flatarmál	950 m ²
Fasteignamat	xxxxxxxxxx000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Á heildina litið er ástand húsnæðisins gott. Húsnæðið er nýlegt þ.a. uppsafnaður viðhaldskostnaður er lítill. Verktaki þarf að ganga frá ýmislegu sem ekki var gert nægjanlega vel, s.s. lekar við glugga. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna fyrirséðs viðhalds sé um ca. **2,4 milljónir** á ári næstu árin. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **7,2 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála vegg.
- Skoða þarf og laga hitagrind þar sem óeðlilega mikil notkun á heitu vatni er í húsinu.
- Yfirfara gólfefni flísar og dúka (spurning hvort þetta sé í ábyrgð)?
- Laga grind sem heldur uppi skilrúmum á WC barna.

Utanhúss:

- Laga aðkomu slökkviliðs að lóð.
- Fjarlægja þarf snjóbræðslu úr sandkassa
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
2.500.000	2.500.000	2.200.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 var varið um 0,5 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Löguð var grind sem heldur uppi skilrúmum á WC barna á einum stað
- Löguð var snjóbræðsla í sandkassa.
- Hellulögn var löguð á leiksvæði
- Lagaður var hávaði frá lofttúðu á þaki
- Viðhald á leiktækjum

Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um **2,5** milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Fylgjast þarf vel með heitavatnsnotkun í húsinu. Breyta þarf aðkomu slökkvibíla inn á lóðina.



Mynd. Dúkur byrjaður að bóligna upp og flísar að losna. Breyta þarf hitaveitugrind til að minnka heitavatnsnotkun.

Garðavellir (Hjalli)



Heildarviðhaldskostnaður	12,4 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12007
Heimilisfang	Hjallabraut 55
Byggingarár	1989
Flatarmál	1097 m ²
Fasteignamat	155.750.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Á heildina litið er ástand húsnæðisins sæmilegt. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **8,5 milljónir** króna. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1,3 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **12,4 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála veggi, glugga og gluggakistur.
- Laga leka með gluggum og útihurðum.
- Í Gulakjarna þarf að ganga frá lögnum í vegg í fataklefanum.
- Í leikstofum parketleggja veggi um meter frá gólfi.
- Yfirfara gólfplisar í forstofum.

Utanhúss:

- Endurmála veggi og lagfæra steypuskemmdir. Einnig þarf að endurmála timburglugga á framhlið hússins, búið er að endurmála glugga norðan- og austanmegin.
- Fjarlægð var járngríðing á lóð og hugmyndin er að koma henni fyrir á öðrum stað. Ef það er gert þarf að kaupa staura og steypa niður í hólka.
- Setja rennu og niðurfall á viðbyggingu.
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
4.400.000	4.000.000	4.000.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 var varið um 4 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Myglumæling framkvæmd.



- Veggir í leikstofum voru parketlagðir ca. meter frá gólfi þar sem göt voru komin í vegg.
- Gluggakistur og veggir málaðir innandyra.
- Athugasemdir lagaðar vegna úttektar Mannvirkjastofnunar
- Sprunguviðgerðir lagaðar á húsinu
- Málun utandyra
- Endurnýjaður ljóskúpull á lóð
- Ný leiktæki indíánatjöld á lóð mm.

Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um **4,4** milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Í leikstofum voru göt í veggjum. Veggir þarf að parketleggja um meter frá gólfi. Skipta um útihurðar og laga leka með gluggum.



Mynd. Ástand timburglugga var ekki gott og hefði þurft að endurmála fyrir nokkrum árum. Endurmála þarf steypa fleti og setja rennu á viðbyggingu.

Hamravellir



Heildarviðhaldskostnaður	8,3 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12017
Heimilisfang	Hvannavellir 1
Byggingaár	2008-2011
Flatarmál	817 m ²
Fasteignamat	146.624.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er gott fyrir utan lekavandamál sem hafa verið vegna glugga og hurða. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **4,7 milljónir** króna. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1,2 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **8,3 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála veggi og lakka hólfi og bekkir í fataklefum og bekkir undir gluggum.
- Farið verður í endurbætur á gluggum og hurðum vegna lekavandamála

Utanhúss:

- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2018	2019	2020
2.300.000	3.800.000	2.200.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 er varið um 2,2 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Málað innandyra
- Skipt um dælu á gólfhitakerfi
- Rafvirki lagaði rafmagnsútslátt í ljósastaur utandyra

Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 2,2 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Útihurðir eru úr áli og með eins punkta læsingu. Gluggar eru einnig úr áli en nær allar hurðir og allir gluggar með opnanlegu fagi leka.



Mynd. Gluggar eru búnir að vera lekir í nokkur ár og skemmdir innanhúss eftir því.

Hlíðarberg



Heildarviðhaldskostnaður	16,6 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12008
Heimilisfang	Hlíðarberg 1-3
Byggingaár	1992
Flatarmál	659 og 209 m ²
Fasteignamat	168.170.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Hlíðarberg er í sæmilegu ástandi utanhúss. Vandamál hefur verið undirþrýstingur í húsinu. Bæta þarf loftræstingu í húsinu sem og laga innanhús vegna leka sem hafa verið með gluggum síðustu ár. Utanhúss þarf að laga hurðar og opnanleg fög. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **12,4 milljónir króna**. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1,4 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **16,6 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála vegg og pússa og lakka bekkir í fataklefum og undir gluggum.
- Breytingar innandyrna s.s. útbúa annað salerni, setja upp vegg, vegna endurskipulagningar.
- Finna lausn á loftgæðum í húsnæðinu en undirþrýstingur myndast í húsnæðinu.
- Laga gólfdukk þar sem leki hefur verið undir gluggum.
- Í færanlegu kennslustofum þarf að yfirfara gólfefni og gera endurbætur á eldhúsi fyrir starfsmenn, því vinnuáðstaða er ekki góð og neyðarútgöngum hefur verið lokað með kælskápum.
- Endurnýja hurðaskrár
- Endurhanna eldhúsinnréttingu
- Laga leka vegna opnanlegra faga, skipta þarf mögulega um glugga.

Utanhúss:

- Útihurðir standa á sér og erfitt er að opna þær. Varahlutir eru hættir að fást í læsingabúnað.
- Endurmála þarf allt tréverk á færanlegum kennslustofum.
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.
- Malbika bílaplan.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
9.400.000	4.100.000	3.100.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 er varið um 4,9 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Suðurhlið hússins var óþétt. Svæðið í kring um gluggana var oppnað að utanverðu og í ljós kom töluverður raki undir gluggunum. Sökum þess hversu mikill raki var undir gluggum, var svæðið einnig opnað innanfrá. Gengið var frá rakavarnarlagi á réttan hátt, veggirnir gífsaðir og málaðir.
- Girðing umhverfis lóðina var endurnýjuð að hluta.
- Skipt um neyðarljós
- Myglupróf
- Almennt viðhald á eigninni.


Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 9,4 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Malbika þarf bílaplan og jarðvegsskipta vegna frostlyftingar.



Mynd. Endurskipulagning innandyra og bæta þannig aðstöðu starfsmanna.



Mynd. Skipta þarf um útihurðar. Skipta þarf um opnanleg fög á nokkrum stöðum þar sem þau leka.

Hlíðarendi



Heildarviðhaldskostnaður	6,7 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12011
Heimilisfang	Úthlíð
Byggingaár	1997
Flatarmál	640 m ²
Fasteignamat	121.300.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Á heildina litið er ástand húsnæðisins í fínu standi. Hins vegar er aðstaða fyrir starfseminu aðþrengd og er einhver stækkun fyrirhuguð á leikskólanum. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **3,7 milljónir króna**. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1 milljón** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **6,7 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála veggj og glugga.
- Nýbygging vegna starfsmannaaðstöðu ásamt yfirfarin loftræsting frá kælum, verður gert á árinu 2019 á sér kostnaðarlykli.

Utanhúss:

- Þakjárn þarf að yfirfara, skotrennur eru mikið ryðgaðar og skipta þarf um nokkrar festingar.
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
2.500.000	2.100.000	2.100.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 er varið um 4,7 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Málun innandyra.
- Hljóðvist löguð
- Rúðuskipti
- Ný leiktæki, undirlag og viðhald á lóð.

Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 2,5 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:

Mynd. Nær öll málning var farin af þakkanti, einnig var kominn fúi í timbrið á nokkrum stöðum. Í skotrennu er komið mikið ryð.

Hraunvallaleikskóli



Heildarviðhaldskostnaður	13 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11016
Heimilisfang	Drekavellir 9
Byggingarár	2006
Flatarmál	705 m ²
Fasteignamat	107.730.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Leikskólinn er í sömu byggingu og skólinn og miðast viðhaldsáætlun við þann hluta. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **10 milljónir króna**. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1 milljón** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **13 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála vegg og glugga.
- Vantar að bæta við loftræstingu í hluta af leikskólanum.

Utanhúss:

- Við aðalinngang skapast mikið vandamál þegar rok er úti, þá er erfitt að opna og loka hurðinni og hætta skapast þegar þær skella til baka. Þetta vandamál má leysa með vindfangi.
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
2.200.000	5.400.000	5.400.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 er varið um 1 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Ungbarnaróla
- Málun innandyra
- Rúðuskipti vegna brotinnar rúðu.

Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 2,2 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Hvammur



Heildarviðhaldskostnaður	22,4 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12006
Heimilisfang	Staðarhvammur 23
Byggingaár	1987-2004
Flatarmál	449 og 222 m ²
Fasteignamat	117.900.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Kominn er tími á töluverðar endurbætur á húsnæðinu innanhúss. Á árinu 2018 var byggt við leikskólann og með því var m.a. starfsmannaaðstaða bætt. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **19,4 milljónir króna**. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1 milljón** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **22,4 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- **Endurmála veggi og glugga.**
- Kominn er tími á að endurmála nær allan skólan að innan
- Endurnýja þarf salerni
- Fataklefa og bekkir þarf að pússa upp og lakka
- Laga þarf netsamband í skólanum
- Skipta þarf út ofnum í skólanum
- Skoða þarf pípulagnir
- Ljósþúnaður er að koma á tíma
- Hljóðvistarplötur þarf á sumum stöðum að skipta út
- **Skipta út ónýtum hurðum**

Utanhúss:

- **Endurmála glugga, klæðningu og annað tréverk á færanlegu kennslustofunum.**
- **Mála hús að utan og sprunguviðgerðir**
- **Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.**

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
4.700.000	8.800.000	8.900.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 er varið um 12,2 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Skipt var um 60% af bárujárnri á þaki leikskólans.
- Tvær nýjar útihurðar á færanlegu kennslustofunum.
- Lagað stíflað niðurfall á lóð.
- Girðing var löguð
- Sett upp nýtt leiktæki á lóðinni.
- Brú var endurnýjuð
- Gluggar voru málaðir að utan
- Skipt um gler vegna tveggja innbrota.
- Skipt um nokkra ofna.
- Hljóðvist
- Málað innandyra

Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 4,7 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:


Mynd. Veggir víða farnir að láta á sjá.



Mynd. Endurmála þarf þakjárn, skipta út festingum og flasningum. Endurmála þarf færanlegar kennslustofur. Veggi og glugga innandyra þarf að mála.

Norðurberg



Heildarviðhaldskostnaður	9,2 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12002
Heimilisfang	Norðurvangur 13
Byggingaár	2000
Flatarmál	861 m ²
Fasteignamat	133.350.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er þokkalegt. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **4,1 milljónir króna**. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1,1 milljón** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **9,2 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- **Endurmála veggi og glugga, einnig pússa og lakka bekkir í fataklefum og undir gluggum.**
- Í eldri hluta skólans er loftræstisamstæða komin til ára sinna og fást ekki lengur varahlutir í kerfið. Taka þarf ákvörðun hvort eigi að endurnýja kerfið á næstu árum.
- Leki með útihurð
- **Olíubera gólf í leikfimisal.**

Utanhúss:

- **Mála utandyra þakkant**
- Mála lausa kennslustofu að utan
- Kominn tími á að mála austurhlið leikskólans að utan
- Hreinsa og yfirfara rennur og niðurföll.
- Bæta mold í kartöflugarð
- **Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.**

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
2.500.000	3.500.000	3.200.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 er varið um 2,6 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Leki með útihurð í sal lagaður



- Endurbætur vegna eldvarna
- Bætt var hljóðvist í nokkrum stofum
- Endurbætur gerðar vegna eldvarna
- Flasning sett á skúr
- Málun innandyra
- Vaskur lagaður
- Bætt við sand í sandkassa
- Skipt um útsogsblásara
- Skipt um lofttúður á þaki
- Stíflað niðurfall á lóð

Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 2,5 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Mála þarf þakkant og hús að utan

Smáralundur



Heildarviðhaldskostnaður	9,9 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12004
Heimilisfang	Smárabarð 1
Byggingaár	1983
Flatarmál	504 m ²
Fasteignamat	99.550.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Kominn er tími á töluverðar endurbætur á húsnæðinu. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **6,9 milljónir króna**. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1 milljón** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **9,9 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Kominn er tími á að endurmála stóran hluta af veggjum og gluggakistum sem og lakka bekki í fataklefum.
- Í húsnæðinu er fúkkalykt á nokkrum stöðum. Endurbætur hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir leka og raka. Þessum svæðum þarf að fylgjast vel með og halda áfram að greina hvað veldur fúkkalykt á fleiri stöðum.
- Lakka gólf
- Skipta út brotnu gleri
- Laga rennur utan á húsinu

Utanhúss:

- Endurmála steypa vegg.
- Laga halla í lóð að sunnanverðu.
- Laga skúr sem er á lóðinni, mögulega flytja hann
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
4.900.000	2.500.000	2.500.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 er varið um 2,9 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Leikskóli var merktur að utan
- Skipt um glugga á NA-hlið
- Lagaður leki með glugga á 2 hæð
- Skipt um tvær brotnar rúður
- Skipt um tvo glugga á suður hlið sem voru ónýtir vegna leka
- Skipt um ónýtan ofn
- Skipt um þak á tengibyggingu og sett einangrun í vegg
- Stór tré á lóð fjarlægð.
- Loftræsting að kælum þrífín


Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 4,9 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Laga þarf sprungur í gólfefni. Skipta um brotið gler í glugga.



Mynd. Laga þarf víða rennur utandyra. Laga þarf ástæður fúkkalyktar í skiptiklefa.

Stekkjars



Heildarviðhaldskostnaður	17 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12016
Heimilisfang	Ásbraut 4
Byggingarár	2004
Flatarmál	1449 m ²
Fasteignamat	332.300.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er sæmilegt. Helstu vandamál eru tengd leka með loftraufum glugga, raka við útidyrhurðir og yfirþrýstings vandamál í nokkrum rýmum skólans. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **8 milljónir króna**. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **3 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **17 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála veggi og lakka bekki undir gluggum.
- Laga ummerki eftir leka frá þaki
- Laga þettingu hringum glugga/loftunarop í gluggum

Utanhúss:

- Finna þarf lausn á rakavandamáli í geymsluskúr. Búið að koma fyrir ristum en raki er enn í veggjum, eftir skoðun utanhúss var klæðning óþétt og þarf að byrja á því að laga hana, loftunin er líklega ekki heldur í lagi.
- Laga girðingu hringum leikskólann
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
3.900.000	6.600.000	6.500.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 er varið um 3,7 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Endurnýja ljóskúpla á tveim ljósastaurum á lóð.
- Á opnanlegum fögum gluggakerfis eru loftraufar sem lekur inn með. Verið er að finna lausn á vandamálinu en töluverðar skemmdir eru komnar innanhúss.




- Skipt um hurðarhandföng.
- Málun á veggjum innanhúss
- Laga girðingu úti.
- Lagaður leki á flötu þaki inn í geymslu.
- Lagaður einstefnuloki og settur nýr varmaskiptir á hitagrind.
- Lagaðar athugasemdir Mannvirkjastofnunar varðandi rafmagn í húsinu
- Farið var í að koma í veg fyrir leka og raka sem skilaði sér inn með útidyrhurðum vestanmegin. Þegar klæðning var opnuð utanfrá kom í ljós að kítta var opið á nokkrum stöðum. Farið var í að endurkítta meðfram hurðum, ull komið fyrir í hornið þar sem kuldabré myndaðist og flasning sem kemur yfir portvegg var þétt en þar skilaði sér vatn inn.


Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 3,9 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Töluverðar rakaskemmdir við útidyrhurðir.



Mynd. Loftraufar eru á opnanlegum fögum og inn um raufarnar lekur inn.

Tjarnarás



Heildarviðhaldskostnaður	1,2 m.kr.
Bókhaldsnúmer	
Heimilisfang	Kríuás 2
Byggingaár	
Flatarmál	
Fasteignamat	
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Bærinn á ekki húsnæðið og sér því ekki um viðhald á því. Hins vegar var á árinu 2018 afmarkað útisvæði við leikskólan fyrir yngstu börnin. Reiknað er með að bærinn sjái um viðhald á leiktækjum og fallvörnum þeim tengdum sem bærinn hefur sett upp. Ástand svæðis er á heildina litið gott. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **0,4 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Utanhúss:

- Skipta um sand í sandkassa
- Yfirfara lóð, tæki sem eru í eigu bæjarins.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
400.000	400.000	400.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 var varið um 2,9 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Nýr kastali á leiksvæði
- Leiksvæði girt af og settar fallvarnir hringum leiktæki

Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 0,3 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.



Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Yfirfara grindverk og leiktæki í eigu bæjarins.

Vesturkot



Heildarviðhaldskostnaður	11,8 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12009
Heimilisfang	Miklaholt 1
Byggingaár	1994
Flatarmál	631 m ²
Fasteignamat	111.050.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er á heildina litið þokkanlegt. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **8,8 milljónir króna**. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1 milljón** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **11,8 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála veggi og lakka bekki.
- Skipta út opnanlegum fögum
- Yfirfara útsog
- Setja veggdúk á vegg
- Skipta um hluta af eldhúsinnréttingu.
- Mála glugga í öllum deildum
- Setja nýjan dúk fyrir framan inngang í fataklefa.
- Setja upp þurrkgrind við útihurð.

Utanhúss:

- Endurmála timburglugga og hurðir.
- Endurmála þakjárn.
- Lagfæra vatnsbretti.
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
4.100.000	4.400.000	3.300.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 er varið um 5,2 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Farið var í að bæta loftræstingu í herbergi fyrir kæliskápa.
- Skipt um klósett og lagaður leki á klósettvegg
- Settar tvær brunalokur í brunarými. Eldvarnir.
- Settar fjórar nýjar brunahurðir upp. Eldvarnir.
- Teikning af húsi uppfærð. Eldvarnir.
- Skipt um dúk í fataklefa
- Sett ný útihurð og karmur út í garð.
- Opnanleg fög yfirfarin og löguð
- Málun innandyr, kaffistofa, vettur á skrifstofu, eitt herbergi á öllum deildum, salerni og fataklefi.
- Nýr kastali og nýtt gormatæki á leiksvæði fyrir yngstu börnin

Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 4,1 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Laga þarf vatnsbretti utandyra og mála hluta af húsi.



Mynd. Skipta þarf út gólfefnum og laga þurrkaðstöðu.

Víðivellir



Heildarviðhaldskostnaður	24 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12005
Heimilisfang	Miðvangur 39
Byggingaár	1974
Fasteignamat	173.850.000
Flatarmál	873 m ²

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Kominn er tími á töluverðar endurbætur á húsnæðinu, þá aðallega utanhúss. Stutt er síðan að þakið á húsinu var tekið alveg í gegn. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **19,5 milljónir króna**. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1,5 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **24 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmálun veggja og glugga.
- Pússa og lakka bekkir í fataklefum og undir gluggum.
- Bæta hljóðvist í sal
- Skipta um ljósbúnað í sal
- Laga hæðarmismun við útihurðar
- Laga dúka á gólfum
- Bæta loftræstingu í húsnæðinu.
- Laga leka við hurð í aðalinngangi
- Skipta um glugga á 2 stöðum

Utanhúss:

- Endurmála steyppta fleti og timburglugga.
- Sprunguviðgerðir utanhúss.
- Skipta um rennur á húsi
- Laga pollamyndun á lóð
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2019	2020	2021
6.700.000	8.700.000	8.600.000

Framkvæmdir 2018.

Á árinu 2018 er varið um 7,6 milljónum í viðhald á eigninni. Kostnaðarþættir voru m.a.

- Lagaður var leki frá þaki/kuldabru
- Málað innandyra
- Dúkar lagaðir á gólfi og nýr dúkur á WC
- Leki lagaður í hágluggum á Kisudeild
- Skipt um opnanleg fög
- Rúðuskipti
- Nýr hitanemi á pípulögn
- Skipt um 5 stóra glugga á austurhlið
- Skipt um tvo loftræstiblásara
- Viðgerð á hliðum/læsingar
- Lóðarvinna
- Skipt um nokkra ofna
- Sett upp ný neyðarljós að kröfu SLH
- Myglumæling
- Lagaður raki á WC bangsadeild
- Rafmagnsopnun sett í 4 glugga á Kisudeild

Áætlað viðhald á árinu 2019

Á árinu 2019 er áætlað að verja um 6,7 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2019 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Laga hæðarmismun við nýjar útihurðir. Taka í gegn glugga á ljónadeild.



Mynd. Laga þarf opnanleg fög sem leka. Spasla og mála innandyra.



Mynd. Laga rennur og og járn. Löngu kominn tími á sprunguviðgerðir og málun á húsi



Mynd. Laga pollamyndun á leikskólalóð.